

**208. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
18. janúar 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólanna, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólanna, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Björn Breiðfjörð Gíslason verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2208151 - Farsæld barna - skipulagt og farsælt frístundastarf fyrir alla

Stöðumat unnið af Guðrúnu Þórbjörgu Sturlaugsdóttur fyrir styrk frá Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri forvarna og frístunda fylgir málinu eftir.

Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu fyrir góða yfirferð og Guðrúnu Þórbjörgu fyrir vinnslu á stöðumatinu í tengslum við farsælt frístundastarf.

2. 2110009 - Innanbæjarstrætó

Viðvera starfsmanns í frístundastrætó á álagstímum frá kl. 13:30-15:45 á starfstíma grunnskólanna.

Björn Breiðfjörð Gíslason, verkefnastjóri á skiðulags- og umhverfissviði og Heiðrún Janusardóttir sitja fundinn undir þessum lið.

Til að gera sem flestum börnum- og ungmönnum kleift að nýta frístundastrætó til iðkunar íþróttar- og tómstundastarfs telur skóla- og frístundaráð mikilvægt að gert sé ráð fyrir viðveru starfsmanns til m.a. að aðstoða yngstu börnin í að nota strætó. Viðvera þessi verði á álagstímum frá kl. 13:30-15:45 á starfstíma grunnskólanna. Skóla- og frístundaráð samþykkir að visa málinu til bæjarráðs þar sem óskað er eftir viðauka til að mæta kostnaði við viðveru starfsmanns í frístundabilum á árinu 2023. Skóla- og frístundaráð leggur til að Þorpið hafi umsjón með þessari starfsemi og að gert ráð fyrir henni í fjárframlögum til Þorpsins.

3. 2301133 - Skóla- og frístundasvið - lykiltölur skólárið 2022-2023

Samantekt á lykiltölum frá stofnunum á skóla- og frístundasviði.

Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

4. 2211130 - Andleg heilsa - bæjarstjórn unga fólksins

JMS

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri forvarna og frístunda, Ívar Orri Krisjánsson forstöðumaður Þorpsins og áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir greinargott erindi um mikilvægi þess að Akraneskaupstaður stuðli að og efla enn frekar umræðu, fræðslu og forvarnir í tengslum við andlega heilsu barna og ungmenna. Skóla- og frístundaráð telur mikilvægt að fá yfirlit yfir þau geðræktarverkefni og þjónustu sem stendur börnum og ungmennum til boða í samfélaginu og felur Farsældarteymi Akraneskaupstaðar í samstarfi við ungmennaráð að kortleggja þau og koma með tillögur að umbótum.

5. 2211133 - Valgreinar - bæjarstjórn unga fólksins

Heiðrún Janusardóttir, Ívar Orri Krisjánsson og áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góðar og málefnalegar ábendingar varðandi aukin tækifæri til fjölbreytts samstarfs á milli grunnskólanna. Ráðið hvetur ungmennaráð og skólastjórnendur til að eiga frekara samtal um erindið.

6. 2301006 - Fundargerðir 2023 - menningar- og safnanefnd

115. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 11. janúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:25.

*Jörðna Margrét Sigmundsdóttir
Einar Bráunsson
Lúe Íse Þkaustad*

*Dagnýr Hauksdóttir
Arney Ágústsdóttir*